

FUNDUR MEÐ SKÓLARÁÐI OG STJÓRN FORLEDRAFÉLAGS INGUNNARSKÓLA.

24/05/18

EFNI

Björk skólastjóri Brúarskóla mætti á fundinn og fór yfir hlutverk skólans. Skólinn er fyrir börn með geð- og hegðunarerfiðleika. Þetta er alltaf tímabundið inngrip og alltaf er stefnt að því að aðlaga nemendur aftur inn í sinn heimaskóla. Áætlað er að setja á fót þátttökubekk frá Brúarskóla í færanlegu kennslustofunum norðan við aðabyggingu Ingunnarskóla. Þar er gert ráð fyrir nemendum á miðstigi (4.-7. bekkur) og allt að 4-8 nemendum í einu. Nemendur frá Grafarholti, Árbæ, Ártúni, Norðlingarholti, Úlfarsárdal og Breiðholti hafa aðgang að þessu úrræði.

Umsögn skólaráðs og stjórnar foreldrafélagsins: Almennt var fólk ánægt með að fá þetta úrræði í skólahverfið. Fundurinn leggur til að tilkynning um þennan þátttökubekk frá Brúarskóla verði send úr á foreldra nemenda í Ingunnarskóla strax á næstu dögum. Áætlað er að hafa kynningarfund fyrir foreldra í haust. Einnig er nauðsynlegt að vera með kynningarfund fyrir nemendur Ingunnarskóla sérstaklega í upphafi næsta skólaárs. Kostir fyrir Ingunnarskóla er að hafa greiðari aðgang að ráðgjöf frá starfsfólki Brúarskóla.

Fram kom frá fulltrúa nemanda ábending um að það væri kannski erfitt fyrir þá sem væri í þátttökubekknunum að vera svona einangraðir og kom með hugmynd um að kannski gætu nemendur Ingunnarskóla kynnt skólann fyrir þeim eða einhver verkefni og eins gætu kannski nemendur í þátttökubekknunum kannski kynnt eitthvað fyrir nemendum Ingunnarskóla.

Væntingar eru um að framkvæmdir séu kláraðar fyrir ágúst byrjun svo þátttökubekkurinn geti byrjað skólastarfið í upphafi skólaársins eða 22. ágúst. Fundurinn lýsir áhyggjum sínum yfir því tímamörk á framkvæmdum gangi upp í færanlegu stofunum.

Guðlaug skólastjóri fór yfir stöðu kennara næsta vetur. Búið er að auglýsa lausar stöður og nú þegar búið að ráða í listgreinastöðu og iðjuþjálfari hefur verið ráðinn en hann er einnig með kennsluréttindi. Aðeins er óráðið í eina stöðu á miðstigi. (ATH að nú hefur verið gengið frá ráðningu kennara á miðstigi).

Fulltrúi foreldra spurði hvort ekki mættu vera fleiri linkar á heimasíðu skólans t.d. um Skólahljómsveit Grafarvogs, Dansskóla Birnu Björnsd. og Söngskóla Grafarholts? Mjög góð ábending sem skólinn tekur til skoðunar við gerð á nýrri heimasíðu sem er í vinnslu. Guðlaug benti á að tilboð um tólmstundir væru sendar í gegnum póstlista frístundastarfs og væri mikilvægt að foreldrar væru með hakað í þann reit í Mentor (er undir flípanum aðstandendur) sem býður upp á að fá slíkar upplýsingar sendar. Skólinn sendir ekki slíka pósta en íþróttafélögum og öðrum sem bjóða upp á tilboð fyrir börn er boðið að senda pósta í gegnum þessa gátt. Bent var á að foreldrar nota mikið *facebook* síður og gott væri að setja þangað fleiri pósta um t.d. stærri viðburði.

Fulltrúi foreldra bendir á að gott væri að hafa t.d. kynningarbækling um skólann fyrir nýja foreldra sem koma inn á skólaárinu þar sem hefðir og uppákomur eru útskýrðar. Skólastjóri vinnur þetta frekar og kemur á koppinn.

Fulltrúi foreldra ræddi um að gott væri ef allir viðburðir komandi viku séu ítrekaðir í föstudagspóstum þannig að fólk hafi góðan fyrirvara ef bregðast þarf við. Kynnt var mjög sniðugt fyrirkomulag varðandi föstudagspóstinn þar sem fast form er notað, skólinn á þar fast rými fyrir tilkynningar sem allir þurfa að fá, kennarinn á fast rými og svo er aukarými fyrir aðrar tilkynningar, alveg þess virði að skoða.

Skólastjóri greindi frá því að drög að skóladagatali 2018-2019 væri nú aðgengilegt á vef skólans. Fulltrúi foreldra spurði hvort skólanum hefðu borist beiðnir um að sameina vetrarfríin þ.a. október og febrúarvetrarfrísdagar myndu renna saman í heila viku fyrir vetrarfrí í febrúar. Skólastjóri sagði að skóla- og frístundaráð borgarinnar stjórnir vetrarfrísdögum og að þetta fyrirkomulag hafi stundum verið rætt. Fulltrúi kennara nefndi að kostir og gallar fylgdu báðum valkostum. Skólastjóri sagði frá því að reynt væri eftir fremsta megni að koma til móts við óskir foreldra um að starfsdagar væru haldnir aðliggjandi að frídögum svo foreldrar hafi möguleika á að lengja helgar eða önnur frí.

Ákveðið hefur verið að foreldra- og skólaráð í hverfinu haldi sameiginlegan fund í haust 26. september klukkan 17.

Fulltrúi nemanda benti á ýmsa þætti varðandi innra skipulag sem skólastjóri tekur til skoðunar með kennurm.

Mættir: Kristín, Valborg, Björk, Linda, Ragnheiður, Ólöf, Sigga, Heiðís, Hrefna og Guðlaug